



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010 (ýmsar breytingar)
Ráðuneyti	Félags- og húsnæðismálaráðuneyti
Stig mats	☒ Frummat, sbr. 1. gr. ☐ Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	25. júní 2026

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifabáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifabættir á fjárhag ríkissjóðs.

- a) Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilíkön eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins?

Tilgangur breytinganna er að einfalda löggjöfina og auka skilvirkni og skýrleika ferlis skipulagsmála og mat á hæfisskilyrðum skipulagsfulltrúa og þeirra aðila sem hafa réttindi til að undirbúa skipulagsáætlanir. Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun fer með daglega umsjón og framkvæmd verkefna á sviði skipulagsmála. Breytingarnar tengjast m.a. þróun Skipulagsgáttar en gert er ráð fyrir að stofnunin kosti þær breytingar úr Skipulagssjóði með sama hætti og verið hefur. Þá verða önnur verkefni í tengslum við aukna stafvæðingu í skipulagsmálum greidd af HMS eða Skipulagssjóði án þess að auknar fjárveitingar komi á móti. Um er að ræða frummat og endanlegar útfærslur liggja því ekki fyrir.

- b) Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum.
Rekstur HMS. Næmnigreining liggur ekki fyrir.

- c) Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg?
Engin afkomuáhrif áætluð.

- d) Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvatar sem geta haft áhrif á útgjaldaþróun.
Engin afkomuáhrif áætluð.

- e) Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlíð og gjaldahlíð en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu.
Engin tekjuáhrif en gæti haft áhrif á gjaldahlíð í tengslum við kostnað við þróun upplýsingakerfa. Engin afkomuáhrif áætluð.

2. Tekjubreytingar.

- Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.
Ekki til staðar.

3. Útgjaldabreytingar.

- Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.
Gæti haft áhrif á gjaldahlíð HMS en engin afkomuáhrif áætluð.

4. Eignabreytingar.

- Sjá sérstakan gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.
Öll vinna við þróun upplýsingakerfa er eignfærð m.t.t. gjaldfærðs kostnaðar.

5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál.

- a) Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum.
Á ekki við.
- b) Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál.
Á ekki við.
- c) Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs.
Á ekki við.
- d) Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur.
Á ekki við.
- e) Rekstrarform ríkisstarfsemi.
Á ekki við.
- f) Opinber innkaup og útboð.
Á ekki við.
- g) Eignaumsýsla ríkisins.
Á ekki við.
- h) Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.
Á ekki við.
- i) Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara.
Á ekki við.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaáætlun – fjármögnun

- 1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:
 - a) í gildandi fjárlögum
Nei.
 - b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs
Nei.
 - c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar
Nei.
- 2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks, t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?
Breytingarnar eru taldar rúmast innan fyrirbyggjandi útgjaldaramma.
- 3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?
Nei.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

- 1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið.
Aukin skilvirkni skipulagsferla, skýrleiki og einföldun regluverks er talið hafa jákvæð áhrif á húsnæðisuppyggingu og mannvirkjagerð með einföldun regluverks og ferla, aukinni skilvirkni, lækkun viðskiptakostnaðar o.fl.
- 2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur, sbr. lög nr. 27/1999?
Breytingar á hæfisskilyrðum fyrir skipulagsfulltrúa og þá sem hafa réttindi til að annast skipulagsgerð munu hafa áhrif á það hvaða hópar geta boðið fram þjónustu við skipulagsmál.

Tilgangur breytinganna er að skýra þennan ramma, m.a. með tilliti til skýrslu OECD um samkeppnishæfni þar sem bent var á að gildandi skilyrði væru íþyngjandi.

3. Samkeppnisskilyrði.

- a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta).
Ekki talin hætta á því.
- b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja).
Líkur eru á að breytt hæfisskilyrði hafi í för með sér óverulegar breytingar á gildandi samkeppnisskilyrðum og aðgengi að ráðgjöf á sviði skipulagsmála.
- c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar, t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd).
Ekki talin hætta á því.
- d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda virka samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)
Ekki talin hætta á því.

D. Önnur áhrif

1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

– Ath. að skylt er að leggja slíkt mat fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar og tilkynna niðurstöðu máls til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

Talið er að breytingarnar muni hafa óveruleg jákvæð áhrif á fjárhag sveitarfélaga vegna aukins skýrleika og skilvirkni.

Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi).

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með fjögurra mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011.

Á ekki við.

2. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000.

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011.

Á ekki við.

3. Áhrif á byggðalög.

Á ekki við.

4. Áhrif á frjáls félagasamtök.

Tilgangur breytinganna er að einfalda ferli skipulagsmála án þess að hafa áhrif á þátttökuréttindi frjálsra félagasamtaka í málaflokknum.

5. Áhrif á jafnrétti kynjanna.

– Sjá leiðarvísi fyrir mat á jafnréttisáhrifum.

– Sjá greiningarramma fyrir jafnréttismat.

Ekki til staðar.

6. Áhrif á lýðheilsu.

Ekki til staðar.

7. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.

Breytt hæfisskilyrði munu hafa áhrif kröfur til menntunar þeirra sem hafa réttindi til að sinna skipulagsmálum. Talið er að skýrari rammi muni hafa jákvæð áhrif á framboð og gæði ráðgjafar.

- 8. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.**

Ekki til staðar.

- 9. Áhrif á stjórnsýslu, svo sem hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.**

Húsnaðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun sér um daglega umsjón og framkvæmd verkefna á sviði skipulagsmála er lýtur að ríkinu. Stofnunin er stjórnsýslulega í stakk búin að útfæra fyrirhugaðar breytingar. Sömu aðilar munu áfram gegna lykilhlutverki við undirbúning og samþykkt skipulagsáætlana og ábyrgð þeirra mun ekki breytast. Tilgangur breytinganna er m.a. að létta á stjórnsýslubyrði.

- 10. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, svo sem aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.**

Ekki til staðar.

- 11. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.**

Ekki til staðar.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

- 1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.**

Fyrirhugaðar lagabreytingar eru ekki talin hafa marktæk áhrif á gjöld/tekjur eða efnahag HMS eða ríkissjóðs. Jafnframt er gert ráð fyrir að fyrirhugaðar breytingar rúmist innan fyrirliggjandi fjárheimilda þannig að ekki verði um að ræða breytingar á afkomu ríkissjóðs.

- 2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.**

Engin.

- 3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).**

Einföldun regluverks og skipulagsferla, aukin stafvæðing og skýrari verkaskipting hefur ótvírætt í för með sér samfélagslegan ávinning með aukinni skilvirkni og lækkun viðskiptakostnaðar á markaðnum.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

- 1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?**

- 2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?**

- 3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?**